

Stjórnarfundur ÆSKP 6. nóvember 2012 í Grafarvogskirkju

Mættir voru: Guðrún Karlsdóttir, Sigurvin Lárus Jónsson, Guðmundur Karl Einarsson.
Framkvæmdarstjóri Sigríður Rún Tryggvadóttir sat einnig fundinn.

1. Landsmót ÆSKP 2012, sem haldið var á Egilsstöðum 26.-28. nóvember s.l.

Rætt var um vinnu framkvæmdarstjóra og landsmótsstjóra. Almenn ánægja er með framlag þeirra.

Gjaldkeri greindi frá fjárhagsstöðu Landsmóts og að ný vinnubrögð við innheimtu eru að skila sneggri greiðslum kirkna.

Landsmót kemur út í halla allt að 500.000 kr sem skýrist af því að yfir 40 þátttakendur forfölluðust. Þá reyndist kostnaðarsamt að flytja stjálfbodaliða á mótið og einnig þarf ÆSKP að taka á sig tjón vegna skemmdarverka í Egilsstaðaskóla.

Heildarupphæðin sem safnaðist í þágu vatnsverkefnis Hjálparstarfs kirkjunnar eru tæplega 400.000 krónur.

Óvissuþáttur sem á eftir að ganga frá er kostnaður við afnot af aðstöðu Egilsstaðabæjar.

2. Landsmót 2013

Ákveðið var að auglýsa eftir fólki til að sitja í landsmótsnefnd. Rætt var um mikilvægi þess að nýtt fólk kynnist vinnubrögðum landsmótsnefndar og mun stjórnin skoða allar umsóknir sem berast.

Í heildina er stjórn ÆSKP afar sátt með Landsmót 2012 og vinna við Landsmót 2013, sem haldið verður í Reykjanesbæ 25.-27. október n.k. er hafin.

Næsti fundur stjórnarfundur var ákveðinn 7. desember n.k. kl. 13.15 í Neskirkju.